

Hvers vegna er Microsoft að þröngva nýju Outlook á notendur?

Ástæðan liggur í því að Microsoft er að nútímavæða með nýrri útgáfu til að styrkja og styðja við undirliggjandi tækni, bæta sveigjanleika og efla samþættingu við skýjaþjónustu eins og Microsoft 365. Erfitt getur verið að viðhalda og tryggja eldri kóðagrunna. Microsoft mun hætta allri vinnslu með Outlook Classic fyrir árið 2028.

Með nýrri Windows 11 kjarna uppfærslu úr útgáfu 23H2 yfir í 24H2 þá þröngvar Microsoft notendur til að nota nýja Outlook forritið í staðinn fyrir það gamla (Classic) og eyðir jafnframt út gamla Outlook Classic forritinu.

Það er hægt að sækja gamla Outlook Classic forritið aftur, sjá hér neðst í skjalinu.

Notendur eru að upplifa ýmis óþægindi með notkun á nýja Outlook forritinu s.s. erfitt að leita að pósti og forritið vinnur ekki með eldri POP3 aðgöngum.


Til að koma í veg fyrir að nýja Outlook forritið taki yfir og ef þú ert nú þegar að nota gamla Outlook forritið (Classic), sem þýðir í raun að þú ert ennþá að nota Windows 11 23H2 útgáfuna, þá eru hérna nokkur skref til þess að koma í veg fyrir breytinguna.

Við þurfum að framkvæma nokkur atriði í Registry í Windows. **ATH áður en gerðar eru breytingar á Registry, takið afrit af öllu Registry.**

Taka afrit af Registry:

Opnið Regedit.exe (Registry Editor), frá Start hnappnum. Keyra það upp sem Administrator.


Framkvæmið afrit, sjá mynd. Ath. takið afritið helst yfir á USB minnislykil eða skýjadrif en ekki á tölvuna sjálfa, svo það sé örugglega hægt að ná í það aftur ef eitthvað út af bregður. Þetta er mjög mikilvægt atriði.



Næst er að gera nokkrar breytingar og viðbætur inn í Registry til að koma í veg fyrir að stýrikerfið ræsi upp nýja Outlook forritið.

Afritið þessa krækju og límið hana inn hérna, sjá mynd.

Computer\HKEY_CURRENT_USER\Software\Microsoft\Office\16.0\Outlook\Preferences



Hérna í Preferences þarf að útbúa nýtt gildi; Hægri smella og veljið New -> DWORD (32-bit) Value

Útbúið nýja breytu sem heitir **UseNewOutlook** og hafið **Value 0** Það þýðir að þú vilt ekki nota nýja Outlook forritið. Ef breytan er 1 þá mun nýja Outlook forritið vera notað sem aðal póstforrit.

Ef stýrikerfið er ekki komið með nýjasta kjarnann í Windows 11, þ.e. þ.e. þú ert að nota Windows 11 23H2, þá þarftu að útbúa nýja breytu til að koma í veg fyrir að Microsoft þröngi inn nýja Outlook forritinu við uppfærslu í Windows 11 24H2.

Þá þarft þú að útbúa möppuna **Preferences** undir Outlook og setja þar inn nýtt DWORD (32-bit) Value og nefna það **NewOutlookMigrationUserSetting** Skildu Value breytuna eftir í 0. Þetta þýðir að ef þú ert að nota Windows 11 23H2 og uppfærir stýrikerfið yfir í Windows 11 24H2 þá mun uppfærslan ekki gera breytingu á Outlook og þú munt áfram nota Outlook Classic forritið. Sjá mynd.

Preferences	ShowBcc	REG_DWORD	0x00000001 (1)
Printing	ShowFrom	REG_DWORD	0x00000001 (1)
Profiles	SyncDlgPos	REG_BINARY	2c 00 00 00 00 00 00
PST	UseNewOutlook	REG_DWORD	0x00000000 (0)
Report	NewOutlookMigrationUserSetting	REG_DWORD	0x00000000 (0)

Ef Microsoft hefur náð að hreinsa út gamla Outlook Classic og þú ert ekki að sjá það í All Apps, þá er hægt að nálgast gömlu útgáfuna, ath, í einhverjum tilfellum í gegnum Microsoft Store, en það gengur ekki alltaf. Þá er hægt að fara inn á þessa síðu og sækja það.

<https://support.microsoft.com/en-us/office/you-can-t-open-classic-outlook-on-a-new-windows-pc-5c94902b-31a5-4274-abb0-b07f4661edf5>

Install classic Outlook for Windows

To install a standalone version of classic Outlook for Windows, select your language from the dropdown, and then select **Download**. Follow the prompts to complete the installation.

Which language do you need?

English (United Kingdom) ▼


Language	Culture (ll-cc)	Native name	Link
English (United Kingdom)	en-gb	English (United Kingdom)	Download

Finna; **Install Classic Outlook for Windows**. Velja tungumálið English (United Kingdom). Ræsa niðurhalið og keyra það síðan upp þegar því er lokið. Eftir þetta þá ættir þú að sjá bæði Outlook New og Outlook Classic forritin í All Apps á tölvunni þinni.

Aðeins eitt til viðbótar í restina. Ef Outlook kemur upp með athugasemd um að skipta yfir í nýju útgáfuna, þá er hægt að koma í veg fyrir þá athugasemd með því að:

- Velja File (Skrá) í Outlook forritinu
- Velja Options (Valkostir)
- Velja General (Almennt)
- Skrolla niður alla síðuna og þar er möguleiki að afhaka við „Automatically switch me to the new Outlook app“. Ég mæli með því.

Sjá mynd.



Hjörtur Árnason, H. Árnason ehf. 5.maí. 2025